



**Almennar upplýsingar um sölu og skráningu verðtryggðra skuldabréfa
Búnaðarbanka Íslands hf. 1. flokkur 2003.**

Yfirlýsing útgefanda

Fyrir hönd stjórnar Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, lýsa stjórnendur bankans því yfir að skráningarlýsing þessi er samin eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir.

Reykjavík, 15. apríl 2003
f.h. Búnaðarbanka Íslands hf.


Sólun R. Sigurðsson
Bankastjóri



Yngvi Örn Kristinsson
Frankvæmdastjóri

Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili skráningar í Kauphöll Íslands hf., Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, hefur samið skráningarlýsingu þessa í samráði við stjórnendur Búnaðarbanka Íslands hf.

Búnaðarbankinn Verðbréf hefur aflað allra nauðsynlegra gagna og lýsir því yfir að skráningarlýsing þessi er samin eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir. Skráningarlýsingin er gerð skv. 6. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Reykjavík, 15. apríl 2003
f.h. Búnaðarbankans Verðbréfa



Jón Þorsteinn Oddleifsson
Forstöðumaður Fjárstýringar

Yfirlýsing endurskoðenda

Við undirritaðir endurskoðendur Búnaðarbanka Íslands hf., Deloitte & Touche., kt. 521098-2449 og Ríkisendurskoðun., Kt. 540269-1819, höfum endurskoðað og áritað án fyrirvara ársreikning Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2002. Við staðfestum að ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 15. apríl 2003


Knútur Þórhallsson


Sigurður Þórðarson

1. Upplýsingar um útgefanda:

Útgefandi	Búnaðarbanki Íslands hf, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, sími 525 6000.
Ábyrgð á skráningarlýsingu	Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, Reykjavík ábyrgist skráningarlýsingu þessa sem gerð er skv. 6. gr. viðauka IV við reglugerð 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.
Heimild til útgáfu	Fjármálanefnd Búnaðarbanka Íslands hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu allt að kr. 5.000.000.000,- að nafnvirði þann 27. mars 2003. Ekki liggur ljóst fyrir hvort veitt verði aukin heimild til stækkunar flokksins að svo stöddu.
Starfsemi	Samkvæmt 3. gr. samþykktu Búnaðarbanka Íslands hf. er tilgangur félagsins að starfrækja viðskiptabanka er hafi á hendi hvers konar starfsemi sem heimil er samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.
Skráning útgefanda	Útgefandi er skráður á aðallista Kauphallar Íslands.

2. Almennar upplýsingar um skuldabréfin:

Nafnverð og lánstími	Hámarksstærð útgáfunnar er allt að kr. 5.000.000.000,- að nafnvirði, nú þegar eru 800.000.000,- útgefnar og seldar. Bréfin í flokknum eru til 7 ára, útgefin þann 1. apríl 2003 með gjalddaga höfuðstóls 1. apríl 2010. Vextir greiðast árlega þann 1. apríl, fyrst þann 1. apríl 2004.
Nafnvextir og verðtrygging	Bréfin eru vaxtagreiðslubréf og bera þau 5,50% ársvexti sem reiknast frá útgáfudegi. Dagaregla 30/360. Höfuðstóllinn er bundin vísitölu neysluverðs útgefin af Hagstofu Íslands með grunnvísitölu aprílmánaðar 2003 sem er 226,7 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar skal reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en vextir eru reiknaðar út.
Einingar skuldabréfanna	Skuldabréfin eru rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Skuldabréfin eru í 1 kr. einingum.

Greiðslustaður	Búnaðarbanki Íslands hf. mun fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf. greiða skuldabréfin á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikninga skráðra eigenda.
Ávöxtunarkrafa á útgáfudegi	Ávöxtunarkrafa á fyrsta söludegi var 5,55% og sölugengi 0,99716.
Hlunnindi	Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.
Fyrningarákvæði	Allar kröfur samkvæmt skuldabréfunum fýrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fýrnast á fjórum árum frá gjalddaga.
Viðtökudráttur	Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfs og eignin ekki skráð hjá reikningsstofnun, sbr. 5. tl. 9. gr reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandi skuldabréfsins snúa sér til útgefanda til að fá greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað til Búnaðarbanka Íslands hf. á réttum gjalddaga mun Búnaðarbankinn ekki greiða vexti, dráttarvexti, né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði dráttur á greiðslu af skuldabréfi þessu greiðast dráttarvextir (sem eru grunnur dráttarvaxta auk vanefndaálags) eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
Framsöl og eignaréttur	Engar hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Breytingar á eignaskráningu skuldabréfanna skulu tilkynntar til reikningsstofnunnar. Yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands hf. skal skoðast sem fullgild sönnun yfir eignarétti skuldabréfanna. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráningar rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eigandi lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Skattskylda Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er Búnaðarbanka Íslands hf. skylt að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð. Skuldabréfin eru stimpilfrjálst samkvæmt 110. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Meðferð ágreinings Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

3. Skráning og viðskiptavakt:

Sala og söluskilmálar Sölu tímabil skuldabréfanna hófst 1. apríl 2003 og stendur til 1. apríl 2005. Eingöngu er selt til fagfjórfaða í lokuðu útboði. Sala og afhending fer fram gegn staðgreiðslu. Sölu tímabilinu lýkur fyrir ef öll bréfin seljast fyrir lok fyrrgreinds tímabils.

Söluaðili Búnaðarbankinn Verðbréf, Hafnarstæti 5, Reykjavík.

Umsjón með sölu og skráningu Búnaðarbankinn Verðbréf, kt. 490169-1219, Hafnarstræti 5, Reykjavík sér um skráningu og sölu bréfanna.

Tilgangur sölunnar Tilgangur sölunnar er að afla fjár til starfsemi Búnaðarbanka Íslands hf.

Heildarupphæð sem aflast með útboðinu Búnaðarbanki Íslands hf. aflar með útgefnum og seldum einingum allt að 795 millj. kr.

Viðskiptavakt Búnaðarbankinn lýsir sig viðskiptavaka í ofangreindum flokki. Búnaðarbankinn skuldbindur sig til að setja fram daglega kaup- og sölutilboð á Kauphöll Íslands að lágmarki 100.000.000,-. Leitast verður eftir að munur á kaup- og sölugengi verður ekki meiri en 0,50% markaðsvirði. Búnaðarbankinn mun endurnýja tilboð sín innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Hafi viðskipti á einum degi náð 300.000.000,- áskilur viðskiptavaki sér rétt til að hætta framsetningu tilboða til næsta dags. Ef Búnaðarbankinn á ekki bréf áskilur hann sér rétt til að leggja ekki fram sölutilboð.

Skráning

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að skrá þegar útgefin og seld skuldabréf að upphæð kr. 800.000.000 að nafnverði 25. apríl 2003 enda uppfylli skuldabréfin skilyrði skráningar. Heiti flokksins er 1. flokkur 2003. Auðkenni bréfanna í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands er BUN 03 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000007722.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn um Búnaðarbanka Íslands hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari er hægt að nálgast hjá Búnaðabankanum, Austurstræti 5, Reykjavík, og Búnaðarbankanum Verðbréf, Hafnarstræti 5, Reykjavík.